



Framkvæmdaráætlun
Barnaverndar
2018-2022

VIRÐING · ELDMÓÐUR · FRAMSÆKNI



Efnisyfirlit	
Inngangur	3
Markmið	3
Staðan.....	4
Verkefni.....	5
Stuðningur við foreldra.....	5
Uppeldisfræðsla	5
MST–CAN (Multisystemic Therapy for Child Abuse and Neglect)	6
Vistheimili barna	6
Áætlun varðandi foreldra sem misst hafa forsjá eða samþykkja að afsala sér forsjá .	7
Ofbeldi gagnvart börnum.....	7
Áætlun varðandi reglubundna fræðslu	7
Þjónustumiðstöð fyrir þolendur heimilisofbeldis	7
Stuðningur við ungmenni	8
Ábyrg saman	8
Fjölskylduheimili fyrir ungt fólk	8
Framtíðaráætlun barna 16-18 ára í fóstri	9
Úrræði vegna barna með fjölþættan vanda	9
Félagsfærninámskeið fyrir börn og ungmenni	9
Skólaforðun	10
Starfsumhverfi.....	10
ESTER – matskerfi	10
Álagsmælingar	11



INNGANGUR

Framkvæmdaráætlun barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar er gerð með vísan til 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en í 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi fram:

„Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.“

Við gerð áætlunar var stuðst við Stefnu Reykjanesbæjar til ársins 2030, gildi Reykjanesbæjar og heimsmarkmið. Einnig var stuðst við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna og barnvæna félagsþjónustu við börn og fjölskyldur.

MARKMIÐ

Reykjanesbær leggur áherslu á að vera fjölskyldubær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótt og menningarstarf. Reykjanesbær telur mikilvægt að styðja við börn svo þau blómstri í fjölskyldunni, skólum, íþróttum og tómstundum til að auka kraft samfélagsins. Reykjanesbær leggur áherslu á kraft fjölbreytileikans og telur mikilvægt að nýta til fulls kosti fjölbreytileikans og efla alla bæjarbúa til að búa sér og börnum gott líf með virkri þátttöku samfélagsins. Gildi Reykjanesbæjar eru virðing, eldmóður og framsækni en þar er dregið fram mikilvægi þess að bera virðingu fyrir hvert öðru, vera umburðarlynd gagnvart ólíkri menningu og mismunandi aðstæðum. Takast á við fjölbreyttar áskoranir af þrautseigju og eldmóði ásamt því að mæta framtíðinni með áræðni og framsækni gagnvart þróun nýrra lausna.

Markmið barnaverndarstarfs í Reykjanesbæ tekur mið af stefnu Reykjanesbæjar, barnaverndarlögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Áhersla er lögð á að veita barnvæna þjónustu með því að virða, vernda og framfylgja réttindum hvers barns ásamt því að veita þeim viðeigandi þjónustu, umönnun, þátttöku og vernd. Auk þess að gefa börnunum tækifæri á að tjá skoðanir sínar miðað við aldur þeirra og þroska og taka þátt í ákvarðanatöku er varðar þeirra líf. Börn eiga rétt á að alast upp í friði, öryggi og við góðar uppeldisaðstæður og vernd gegn ofbeldi og vanrækslu.

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar leggur því ríka áherslu á að vinna að því að bæta aðstæður barna sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu eða búa við óviðeigandi uppeldisaðstæður með því að veita foreldrum og börnum þeirra stuðning í samræmi við þarfir þeirra hverju sinni. Í því felst að hlúa að góðu samstarfi við foreldra og börn, efla getu foreldra til að takast á við uppeldishlutverk sitt svo þeir geti frekar mætt þörfum barna sinna og veitt þeim viðeigandi umönnun og öryggi.


Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar telur mikilvægt að unnið sé áfram að snemmtækri íhlutun í þjónustu við börn og foreldra þeirra. Unnið verði að því að þjónustan sé þverfagleg við utankomandi aðila sem og innan sviða Reykjanesbæjar. Sérfræðiaðstoð komi frá mismunandi fagstéttum og myndi þannig þverfaglegt teymi þar sem m.a. heilbrigðiskerfið, velferðarþjónustan og menntakerfið vinna saman. Ásamt því að veita stuðning sem mest í nærumhverfinu þar sem



lögð er áhersla á forvarnir, almenna og sérhæfða þjónustu sem miðar að þörfum fjölskyldna í Reykjanesbæ. Mikilvægt er að auka skilning bæjabúa á mikilvægi barnaverndar og að öllum verði ljóst hvernig ferli mála er þegar þess gerist þörf. Upplýsingar um starfssemi barnaverndar verði gerðar aðgengilegri á vef bæjarins og gerðar sýnilegri fyrir bæjarbúa.


STAÐAN

Íbúum Reykjanesbæjar hefur fjölgað töluvert síðustu ár og samhliða því hafa umsvif barnaverndar aukist með tillit til fjölgun nýrra barnaverndarmála og þörf fyrir fjölbreyttari úrræði. Eins og sjá má á mynd 1 hefur fjölgun nýrra mála á sl. fimm árum verið frá 184 til 243 mál eða um 24% sem helst nokkurn veginn í hendur við íbúafjölgun á svæðinu sem er tæp 27%.



Mynd 1. Fjöldi barnaverndarmál

Barnaverndartilkynningum hefur fjölgað töluvert á síðustu fimm árum fyrir utan árið 2018 en þá fækkuðu barnaverndartilkynningum. Á árunum 2018-2019 varð aukning á barnaverndartilkynningum er varðar vanrækslu umsjón og eftirlit, vanrækslu varðandi nám og tilfinningalega vanrækslu. Það sama varðandi tilfinningalegt og líkamlegt ofbeldi hjá börnum. Aukning var á barnaverndartilkynningum á milli ofangreindra ára varðandi áhættuhegðun barna sem beittu ofbeldi, stunduðu afbrot og skólasókn barna áfátt.



Mynd 2. Fjöldi barnaverndartilkynninga

Mikilvægt er að leita leiða til að efla forvarnir í málefnum barna og beita snemmtækri nálgun og grípa sem fyrst inn í líf barna sem þarfnast aðstoðar. Þannig má gera ráð fyrir að hægt sé að



koma í veg fyrir að mál þróist á verri veg og hægt sé frekar að draga úr íþyngjandi úrræðum. Með öflugum samstarfi sviða innan Reykjanesbæjar og stofnana er hægt að efla enn frekar þjónustu við börn og með þóun nýrra lausna og frumkvæði.

Margt hefur áunnist en á næstu árum verður lögð enn meiri áhersla á að vera með barnvæna þjónustu og beita snemmtækri nálgun. Barnavernd mun taka þátt í þeirri vinnu ásamt því að efla barnaverndarstarf hjá Reykjanesbæjar og koma að uppbyggingu úrræða til að mæta fjölbreyttum vanda barna og fjölskyldu í Reykjanesbæ

VERKEFNI

Á næstu árum mun barnaverndarnefnd horfa til verkefna sem miðar að því að bæta uppleidsaðstæður barna, styrkja þjónustu við börn sem búa við ofbeldi og/eða stunda áhættuhegðun. Markmið með verkefnunum er að börn í Reykjanesbæ fái að alast upp við góðar uppleidsaðstæður, búa við vernd og öryggi, og fái tækifæri á að vinna með sinn vanda til að geta nýtt hæfileika sína og blómstrað í sínu lífi.

Stuðningur við foreldra

Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að efla foreldra í uppleidshlutverkinu til að þeir geti veitt börnum sínum viðeigandi uppleidsaðstæður sem byggjast á að umönnun, vernd og öryggi.

Uppleidisfræðsla



Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að Reykjanesbær geri áætlun varðandi uppbyggingu á uppleidisfræðslu til foreldra svo hægt sé að mæta sem best umönnun og vernd barna í Reykjanesbæ og þau nái frekar að blómstra í sínu samfélagi. Reykjanesbær hefur verið að styrkja sérfræðinga á velferðar- og fræðsluviði til PMTO náms (Parent Management Training – oregon) og munu þessir sérfræðinga ljúka námi í júní 2020, ásamt því að vera með ýmis uppleidnámskeið og einstaklingsmiðaða uppleidisfræðslu. Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að halda áfram að þróa PMTO þjónustu í Reykjanesbæ og skoða hvernig best er byggja upp þjónustuna með tillit til foreldranámskeiða, einstaklingsmeðferðar og meðferðar inn á heimili foreldra. Í framkvæmdaráætlun ríkisins á sviði barnaverndar 2019-2022 er lögð áhersla á þjálfun og meðferð foreldrafærni hjá foreldrum 4-12 ára barna sem glíma við hegðunarferðleika. Þar er lagt til að unnið sé að innleiðingu PMTO – foreldrafærniþjálfunar innan sveitarfélaga með stuðningi frá ríkinu með því að veita sveitarfélögum styrk til að mennta fleiri PMTO sérfræðinga. Reykjavíkurborg ásamt öðrum sveitarfélögum á Íslandi hafa innleitt PMTO meðferð í sína þjónustu við barnafjölskyldu. Árið 2017-2019 var Reykjavíkurborg með tilraunaverkefni sem miðaði meðal annars að því að efla foreldrafærni á heimili foreldra með því að veita PMTO meðferð á heimili foreldra sem skilaði góðum árangri við að efla uppleidisfærni foreldra innan barnaverndar.

Barnaverndarnefnd leggur til að stofnaður verður stýrihópur til að kortleggja þörfina fyrir uppleidisfræðslu í Reykjanesbæ, skoða hvernig önnur sveitarfélög hafa byggt upp sína þjónustu varðandi foreldrafærni og að koma með tillögur hvernig best er að byggja upp 1-3. stigs þjónustu til að efla foreldrafærni hjá foreldrum.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið



Tímaáætlun: Ágúst – október 2020

Árangursmat: Aðgerðaráætlun liggur fyrir ásamt kostnaðarmati varðandi þjónustu Reykjanesbæjar er varðar þjálfun og meðferð foreldrafærni hjá foreldrum.

MST–CAN (Multisystemic Therapy for Child Abuse and Neglect)



Barnaverndarstofa hefur áhuga á að innleiða MST-CAN með einu teymi til að byrja með, auk geðlæknisþjónustu. MST – CAN er fjölkerfameðferðin fyrir fjölskyldur barna frá sex ára aldri sem búa við ofbeldi eða vanrækslu. Um er að ræða að efla hæfni foreldra til að sinna sínu uppeldishlutverki í nærumhverfi barns. Ein af meginreglum barnaverndarstarfs er að beita ávallt vægari úrræðum áður en gripið er til íþyngjandi ráðstafana eins og að vista barn utan heimilis. Það er því mikilvægt að barnavernd Reykjanesbæjar vinni að innleiðingu á umræddu úrræði í samstarfi við Barnaverndarstofu.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður barnaverndar.

Tímaáætlun: September 2020 - maí 2022.

Árangursmat: Niðurstaða er komin varðandi samstarfið.

Vistheimili barna



Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að koma á fót vistheimili barna þar sem markmið er að tryggja öryggi barna ef grípa þarf til neyðarvistana hjá börnum. Einnig til að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu til að foreldrar geti frekar mætt þörfum barna sinna, ásamt því að kenna börnum að virða foreldra sína og þær reglur sem þau setja. Með þessu úrræði eru meiri líkur á að foreldrar og börn geti liðið betur saman og að ekki þurfi að grípa til íþyngjandi úrræða.

Með þessu úrræði næst meiri stöðuleiki í þjónustu en er í dag en Reykjanesbær í samstarfi við Suðurnesjabæ og Voga reka tvö neyðarheimili. Þessi neyðarheimili eru ekki starfrækt allt árið vegna sumarfría fjölskyldna auk þess sem aðgengi starfsmanna barnaverndar og gerð þjónustumats með fjölskyldu yrði betri ef barn væri vistað á vistheimili barna. Mikilvægt er að leggja mat á þjónustupörf fjölskyldan á sama tíma og barn er vistað í neyðarvistun ásamt því að veita foreldrum uppeldisráðgjöf.

Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að hefja umræðu við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum hvort áhugi er fyrir því að stofna og reka vistheimili barna á Suðurnesjum.

Ábyrgðaraðili: Sviðsstjóri velferðarsviðs og forstöðumaður barnaverndar.

Tímaáætlun: Mars - maí 2021.

Árangursmat: Ef vilji er hjá sveitarfélögunum á Suðurnesjum að stofna vistheimili barna þá verður þörf á að gera aðgerðaráætlun og kostnaðarmeta til að hægt sé að taka hana fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.



Áætlun varðandi foreldra sem misst hafa forsjá eða samþykkja að afsala sér forsjá



Markmið er að gera verklag að áætlun fyrir foreldra sem misst hafa forsjá yfir börnum sínum eða afsala sér forsjá til barnaverndar. Foreldrar þessara barna glíma við margs konar vanda og því er mikilvægt að huga að velferð þeirra og bjóða þeim upp á stuðningsþjónustu.

Ábyrgðaraðili: Starfsmaður barnaverndar.

Tímaáætlun: September – nóvember 2020.

Árangursmat: Verklag um stuðning við foreldra sem misst hafa forsjá eða samþykkt að afsala sér forsjá liggja fyrir 30. nóvember 2020.

Ofbeldi gagnvart börnum

Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að veita fræðslu til barna og þeirra sem vinna með börnum varðandi ofbeldi gegn börnum ásamt því að veita fjölbreyttari úrræði fyrir þolendur heimilisofbeldismála.

Áætlun varðandi reglubundna fræðslu



Reglubundin fræðsla fyrir starfsmenn stofnana í Reykjanesbæ og félagasamtök sem starfa með börnum. Markmiðið er að fræða starfsmenn um tilkynningaskyldu þeirra til barnaverndar, vinnulag og stuðningsúrræði barnaverndar ásamt því að auka þekkingu þeirra á einkennum hjá börnum sem búa við ofbeldi og/eða vanrækslu.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður barnaverndar

Tímaáætlun: Mars – ágúst 2020.

Árangursmat: Aðgerðaráætlun liggja fyrir í lok ágúst 2020.

Þjónustumiðstöð fyrir þolendur heimilisofbeldis



Óskað verður eftir samstarfi við sveitarfélögin á Suðurnesjum um að setja á fót þjónustumiðstöð á Suðurnesjum fyrir þolendur heimilisofbeldis í samstarfi við Lögreglustjóra Suðurnesja og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þar sem bæði börn og fullorðnir einstaklingar fá þjónustu. Markmið með úrræðinu er meðal annars að veita þolendum heimilisofbeldis heildstæða sérfræðiþjónustu til að vinna úr áfallinu og líðan ásamt því að veita ráðgjöf og fræðslu. Lagt er til að boðið verði upp á viðtalstíma hjá sérfræðingum þjónustumiðstöðvarinnar, lögreglufulltrúa og heilbrigðisstarfsmanni og hópastarf. Leitað verður til félagasamtaka hvort þau vilja taka þátt í



verkefninu. Sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar munu einnig taka þátt í að búa til samræmt og heildstætt verklag varðandi vinnu gegn ofbeldi á börnum og fræðslu um ofbeldi í samfélaginu. Þannig verða sérfræðingarnir einnig sýnilegir í samfélaginu og skólakerfi barnanna.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið

Tímaáætlun: September - desember 2020

Árangursmat: Niðurstaða er komin varðandi samstarf ásamt kostnaðaráætlun.

Stuðningur við ungmenni

Unglingsárin eru oft erfiður tími hjá ungmennum og geta þau þróað með sér ákveðna áhættuhegðun á þessum árum. Barnaverndarnefnd telur því mikilvægt að þróa úrræði sem miðar að því að bæta líðan og öryggi ungmenna og um leið að draga úr áhættuhegðun þeirra.

Ábyrg saman



Forvarnarvernefnið Ábyrg saman hófst 1. september 2019 en um er að ræða eins árs tilraunaverkefni Velferðarsviðs Reykjanesbæjar og Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögð er áhersla á að efla forvarnir og beita snemmtækri nálgun til að mæta áhættuhegðun hjá börnum. Barnavernd býður foreldrum og börnum upp á ábyrgt samtal við forvarnarfulltrúa frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum í þeim málum sem barnavernd ákveður að hefja ekki könnun máls. Markmið með viðtalinu er að gera foreldrum og börnum grein fyrir barnaverndartilkygningunni frá lögreglu, veita foreldrum og barni tækifæri til að eiga samtal um tilkygninguna, veita fræðslu og upplýsingar um úrræði sem þeim stendur til boða og draga úr áhættuhegðun hjá barni.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður barnaverndar

Tímaáætlun: September 2019 - september 2020

Árangursmat: Haldið verður utan um skráningu þessara mála og skoðað hvort endurtekin afskipti lögreglu er að ræða hjá börnunum. Viðhorfskönnun send til foreldra og barna þegar samstarfshópurinn hefur starfað í eitt ár.

Fjölskylduheimili fyrir ungt fólk



Markmiðið er að mæta ungu fólki á aldrinum 15-20 ára sem þurfa að búa utan heimilis meðal annars vegna vanrækslu, ofbeldis, hegðunarvanda hjá barni og/eða samskiptavanda á heimili. Markmið er að tryggja börnum öryggi, umönnun, stuðning, vernd og stuðla að sem minnstu röskun í lífi barnanna þar sem þau geta verið í sínu umhverfi, haldið áfram í sínum námi/vinnu, íþrótt- og tólmundastarfi og félagslífi.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður barnaverndar

Tímaáætlun: Janúar - desember 2020.



Árangursmat: Meta í lok árs hvernig til hefur tekist með það markmið að stuðla að sem minnstri röskun í lífi barnanna þar sem þau geta verið í sínu umhverfi, haldið áfram í sínum námi/vinnu, íþrótta- og tómstundastarfi og félagslífi. Matið fer fram með því að ræða við börnin, foreldra og vistunaraðila ásamt því að Ester greiningarmöt eru skoðuð.

Framtíðaráætlun barna 16-18 ára í fóstri



Markmið er að gera verklag að framtíðaráætlun barna 16-18 ára sem eru í fóstri eða vistun utan heimilis á vegum barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar. Lögð er áhersla á að eiga samtál við börnin áður en þau verða 18 ára gömul og gera áætlun um framtíð þess. Skoðaðir verða þættir eins og húsnæðismál, nám/vinna, líkamleg og andlega líðan. Með þessu verklagi er áhersla lögð á frekar að hægt sé að tryggja samfellu í lífi barnanna og draga úr ýmsum óvissuþáttum.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd

Tímaáætlun: Janúar – júlí 2020.

Árangursmæling: Verklag um gerð framtíðaráætlunar liggja fyrir lok júlí 2020.

Úrræði vegna barna með fjölpættan vanda



Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að efla þjónustu við börn með geðrænan vanda, hegðunar- og/eða þroskaraskanir svo þau fái tækifæri til að blómstra í sínu umhverfi. Vandir þessara barna er alvarlegur og getur haft hamlandi áhrif á þroska þeirra auk þess sem vandinn eykur álag hjá fjölskyldum barnanna.

Kortleggja þarf fjölda barna sem þurfa á sértækum úrræðum að halda til að bæta stöðu þeirra, auk þess að skoða hvaða gagnreyndu úrræði þykja best til að mæta þörfum þeirra. Mikilvægt er að vinna að tillögum að heildstæðri þjónustu fyrir þennan hóp barna og að það verði gert í samráði við fræðsluvið.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður barnaverndar

Tímaáætlun: Kortlagning janúar – mars 2022

Tímaáætlun: Tillaga að úrræðum ásamt kostnaðaráætlun: apríl – júní 2022.

Árangursmat: Verkefninu sé lokið innan tímamarka.

Félagsfærninámskeið fyrir börn og ungmenni



Barnaverndarnefnd telur mikilvægt að efla félagsfærni barna og ungmenna, sem glíma við félagslega erfiðleika eins og einhverfu, ADHD, kvíða og þunglyndi, til að þau nái að auka lífsgæði



sín og öðlist jöfn tækifæri til heilbrigðs lífs og hamingu. Á Íslandi eru til skipulögð námskeið þar sem foreldrar eru einnig þátttakendur þar sem þeim eru kenndar aðferðir til að styðja við barnið/unglinginn á heimilinu. Má þar nefna PEERS og KVAN námskeið. Barnverndarnefnd telur mikilvægt að kortleggja þörfina fyrir félagsfærinnámskeiðum í Reykjanesbæ, gera áætlun um innleiðingu og kostnaðarmat.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður fjölskyldudeildar.

Tímaáætlun: Janúar – maí 2021.

Árangursmat: Þegar kortlagning, aðgerðaráætlun og kostnaðarmat liggur fyrir.

Skólaforðun



Fræðslu- og velferðarsvið hafa á síðustu árum í samstarfi við grunnskóla Reykjanesbæjar þróað verklag til að mæta börnum með skólasóknarvanda. Samhliða því að unnið sé eftir því verklagi er mikilvægt að kortleggja hvaða úrræði eru til staðar hjá Reykjanesbæ og í kjölfarið innleiða fjölbreytt úrræði og bjargir, jafnt almenn sem sértæk sem eru tengd við verklagið og hafa það að markmiði að styðja við bætta skólasókn grunnskólanemenda.

Ábyrgðaraðili: Stýrihópur með fulltrúum fræðslu- og velferðarsviðs.

Tímaáætlun: September 2020 - maí 2021.

Árangursmat: Kortlagningu lokið og tillögur að úrræðum liggja fyrir.

Starfsumhverfi

Barnverndarnefnd telur mikilvægt að veita íbúum Reykjanesbæjar faglega þjónustu og að úrræðin séu metin út frá þörfum hvers og eins. Því er mikilvægt að innleiða viðurkennt matskerfi á þjónustupörf ásamt því að bjóða upp á spennandi og gott starfsumhverfi þar sem starfsmenn fái tækifæri til nýsköpunar, vera framsækin og full af eldmóð.

ESTER – matskerfi

ESTER – matskerfi er samræmt mats- og skráningarkerfi fyrir einstaklingsbundið mat á börnum sem sýnt hafa af sér frávikshegðun eða eru í hættu á að þróa hana með sér. Hægt er að nota ESTER matið sem fyrirbyggjandi og í meðferðarskyni auk þess sem kerfið nýtist jafnframt við eftirfylgni og mat á áhrifum íhlutunar hverju sinni. Markmið er að innleiða ESTER – matskerfi innan barnaverndar og fjölskyldudeildar Velferðarsviðs. Starfsmenn munu mennta sig í að nota ESTER – matskerfið og markmiðið er að nota kerfið í þeim málum þar sem fleiri en einu stuðningsúrræði er beitt.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður barnaverndar og forstöðumaður fjölskyldudeildar.

Tímaáætlun: Febrúar 2020 fara starfsmenn á námskeið og í framhaldinu verður innleiðing á ESTER – matskerfinu.

Árangursmat: Staðan á notkun ESTER matskerfisins verður metin á 6 mánaðarfresti, frá og með janúar 2021.



Álagsmælingar

Álagsmælingar starfsmanna í barnvernd verða gerðar á þriggja mánaða fresti og niðurstöður verða kynntar barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar. Við gerð fjárhagsáætlunar verða álagsmælingar sérstaklega skoðaðar með tilliti til mats á starfsumhverfi starfsmanna, stöðugilda og endurmenntunar starfsmanna. Vorið 2020 verður gerð úttekt á vinnuumhverfi velferðarsviðs.

Ábyrgðaðili: Sviðsstjóri Velferðarsviðs og forstöðumaður barnaverndar.

Tímaáætlun: Ágúst – október hvert ár.

Árangursmat: Árlega er tekin saman skýrsla hvernig álagsmælingar voru nýttar til að bæta starfsumhverfi starfsmanna með tillit til stöðugilda og endurmenntun starfsmanna.